



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 14. maí 2019

R19020229

1311

Borgarráð

Tillaga að ráðningu í stöðu sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar

Lagt er til að borgarráð samþykki að ráða Halldóru Káradóttur í starf sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar en hún var metin hæfust til þess af ráðgefandi hæfnisnefnd sem skipuð var af borgarráði þann 7. mars 2019.

Greinargerð:

Starf sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs hjá Reykjavíkurborg var auglýst laust til umsóknar í byrjun mars 2019. Umsóknarfrestur var til og með 25. mars 2019. Ellefu umsóknir bárust. Einn umsækjandi dró umsókn sína til baka strax eftir að umsóknarfresti lauk og annar umsækjandi dró umsókn til baka áður en kom að viðtali. Unnið var úr þeim 9 umsóknum sem eftir stóðu.

Í samræmi við b. lið 3. gr. reglna frá 24. janúar 2019, um ráðningar borgarráðs í æðstu stjórnunarstöður var skipuð ráðgefandi hæfnisnefnd. Hæfnisnefndina skipaði Ágúst Þorbjörnsson, rekstrarráðgjafi, sem jafnframt var formaður, Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs og Helga Hlín Hákonardóttir, ráðgjafi hjá Strategíu. Ráðgjafarfyrirtækið Intellecta sinnti utanumhaldi og stuðningi við hæfnisnefndina.

Ráðgefandi hæfnisnefndin mat Halldóru Káradóttur hæfasta af umsækjendum til að gegna starfi sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs en hún er viðskiptafræðingur (Cand.Oecon) frá Háskóla Íslands og með M.Sc. gráðu í fjármálum fyrirtækja frá sama skóla. Halldóra hefur starfað sem stjórnandi á fjármálasviði Reykjavíkurborgar undanfarin 13 ár þar sem hún hefur gegnt stöðu deildarstjóra áætlunar- og greiningardeildar Reykjavíkurborgar auk þess sem hún hefur allan þann tíma verið staðgengill fjármálastjóra á sviði sem telur nú yfir 90 starfsmenn. Í starfi sínu hefur Halldóra haft leiðandi hlutverk og fengið viðamikla reynslu af fjárhagsáætlanagerð. Gert er ráð fyrir því að Halldóra taki stöðu sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs þann 1. júní nk. þegar nýtt skipurit Reykjavíkurborgar tekur gildi og nýtt fjármála- og áhættustýringarsvið tekur til starfa.

Meðfylgjandi eru greinargerðir hæfnisnefndarinnar til borgarráðs, þau gögn sem bárust frá umsækjendum sem og þau gögn sem urðu til í ráðningarferlinu hjá hæfnisnefndinni. Þá eru hjálagaðar reglur um ráðningar borgarráðs í æðstu stjórnunarstöður, dags. 24. janúar 2019, erindisbréf ráðgefandi hæfnisnefndar og áætlun um ráðningarferil sem fór fyrir borgarráð þann 7. mars 2019.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Gögn umsækjenda um starf sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar.

Fundargerðir hæfnisnefndar.

Fyrri greinargerð hæfnisnefndar til borgarráðs dags. 30. apríl 2019.

Loka greinargerð hæfnisnefndar til borgarráðs, dags. 13. maí 2019.

Mat hæfnisnefndar á tveimur umsóknum.

Viðtalsrammi úr fyrri umferð.

Viðtalsrammi úr seinni umferð.

Verkefni 1.

Verkefni 2.

Umsagnir umsagnaraðila.

Reglur borgarráðs um ráðningar í æðstu stjórnunarstöður, dags. 24. janúar 2019.

Erindisbréf ráðgefandi hæfnisnefndar, dags. 8. mars 2019

Áætlun um ráðningarferil, dags. 7. mars 2019.